

1. Nefnt er að ferðakostnaðurinn sé lækkaður í fjárlögum? en er það nokkuð sérgreint í texta í fjárlagafrumvarpi?

**Svar:** Auk aðhaldskröfu sem gerð var að fjárhæð 54,4 m.kr. við framlagningu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2021, var gerð við þriðju umræðu sérstök 41,3 m.kr. hagræðing á liðinn sem var útfærsla á lækkun ferðakostnaðar og var þetta sett fram sem sjálfstæð tillaga í frumvarpið.

2. Þarf ekki að útskýra betur samninginn við lögguna? Lögbundið hlutverk lögreglu sem samt greitt sérstaklega fyrir það – er ekki hægt að gera það með hagkvæmari hætti?

**Svar:** Embætti ríkislögreglustjóra (RLS) fékk upphaflega árlega greiðslu á fjárlögum sem ætlað var að standa straum af móttöku og skráningu umsókna um vernd, töku fingrafara, ljósmynda, birtingu ákvarðana og framkvæmd flutninga. Sú fjárhæð tók ekki mið af fjölda umsækjenda á hverjum tíma og þegar fjöldi umsækjanda fór að aukast stöðvuðust flutningar.

Á árinu 2014 gerði innanríkisráðuneytið verksamning við embætti RLS um framkvæmd flutninga úr landi, í janúar 2017 gerði ráðuneytið verksamning við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu (LRH) um birtingar ákvarðana og kostnaður verkefnisins gjaldfærður á 06-399 og í júlí 2017 gerðu ráðuneytið og Útlendingastofnun verksamning við LRH og lögregluna á Suðurnesjum (LSS) um móttöku og skráningu umsókna um vernd, töku fingrafara, ljósmynda og birtingu.

Allir þessir verksamningar hafa verið fjármagnaðir af 06-399. Ástæða þessa var fyrst og fremst að tryggja skilvirkni kerfisins, tryggja rannsókn mála, birtingar ákvarðana og framkvæmd flutninga, auk þess að koma í veg fyrir að önnur verkefni lögreglu hefðu áhrif á málsmeðferðina.

Að mati Útlendingastofnunar ætti að vera hægt að ná fram meiri skilvirkni og hagkvæmni ef t.a.m. þau verkefni sem hér að ofan greinir væru hjá einu embætti. Þá mætti einnig skoða hvort eðlilegt sé að fjármögnun sé á fjárlagalið ÚTL í stað viðkomandi embættis/embætta.

3. Hver eru kostnaðaráhrif ferðatakmarkanna? Þessir 60 sem hafa sótt um vernd á þessu ári - er það meira eða minna heldur en á sama tíma í fyrra?

**Svar:** Umsækjendur um alþjóðlega vernd voru 176 á sama tíma árið 2020. Ferðatakmarkanir hafa þau áhrif að færri umsækjendur hafa sótt um vernd en á móti kemur að mun dýrara er að fylgja umsækjendum um vernd til síns heimalands. Ferð sem áður tók 2 daga tekur í dag 4-6 daga þar sem mun erfiðara er að fá flug, sýnatöku þurfa umsækjendur og fylgdaraðilar að fara í hérað og í öllum þeim löndum sem þeir fara til og því er ferðatíminn mun lengri tíma en áður og þar að leiðandi eru ferðir mun dýrari.

4. Hvaða leiðir telur ráðuneytið færar til þess að ná fram kostnaðarlækkun á liðnum? (eru einhverjar reglugerðarbreytingar í farvatninu?; hvað með að endursema um húsaleigu, samning við lögreglu o.fl.?)

**Svar:** Útlendingastofnun hefur hafið vinnu við endurmat á öllum útgjöldum fjárlagaliðarins til að ná fram kostnaðarlækkun. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki í maí mánuði. Þá má nefna að frumvarp að breyttum útlendingalögum hefur verið afgreitt úr ríkisstjórn og verður það lagt fyrir þingið næstu daga. Þegar kemur að mati á kostnaði við umsækjendur um alþjóðlega vernd þá eru það mjög margar breytur úr ólíkustu áttum sem getur haft áhrif á niðurstöðuna.

Það liggur því ekki fyrir hver áhrifin verða á kostnað verði frumvarpið að lögum og því ekki áhættumetið vegna þess hér. Í áhrifamati frumvarpsins segir:

Frumvarp það sem hér um ræðir er liður í því að mæta þeim annmörkum sem hafa komið í ljós við beitingu laga nr. 80/2016 um útlendinga og þar með gera framkvæmd þeirra skýrari og fyrirsjáanlegri og auka skilvirkni. Þá er verið að mæta þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið við breytingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2008/115/EB um sameiginleg viðmið og skilyrði fyrir brottvísun ríkisborgara utan EES sem dveljast ólöglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna (brottvísunartilskipunin). Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi í för með sér útgjaldabreytingar sem nokkru nemur en gefi færi á aukinni skilvirkni í málsmeðferð útlendingamála.